

Alþjóðlegir viðskiptaskilmálar

EXW - Ex Works (á tilgreindum stað) (frá verksmiðju á tilgreindum stað). Seljandinn afhendir vörurnar í vöruhúsi eða við athafnasvæði sitt án útflutningspappira og ekki hlaðnar á flutningstæki. Ef aðilar kjósa að seljandi sé ábyrgur fyrir hleðslu flutningstækis og beri kostnað og áhættu af henni er áriðandi að þess sé getið með skýrum hætti í kaupsamningi.

FCA - Free Carrier (named place) (frítt til flytjanda á tilgreindum stað). Seljandinn afhendir vöruna til farmflytjanda, sem valinn er af kaupanda, á þeim stað sem nefndur er í skilmálunum. Þessir skilmálar eiga við alla flutningsmáta þ.m.t. flutning með flugi, lest eða bílum, og fjölþátta flutningsmáta á gámavöru. Seljanda ber að ganga frá útflutningsskjölum og gjöldum.

FAS - Free alongside ship (frítt að skipshlið). Seljandinn þarf að skila vörunni að skipshlið í tilgreindri höfn. Seljandinn þarf að ganga frá útflutningspappirum. Þessir skilmálar eiga einungis við um sjóflutning.

FOB - Free on board (named port of shipment) (frítt um borð). Afhending á sér stað þegar vörurnar hafa farið yfir borðs á skipi sem tilgreint er af kaupanda. Þetta þýðir að kaupandi ber allan kostnað og áhættu á vörunni frá þeim tíma. Seljanda ber að ganga frá útflutningspappirum og gjöldum. Skilmálinn á einungis við um flutninga á sjó

CFR - Cost and freight (named port of destination) (kaupverð og flutningsgjald greitt að tilgreindri höfn). Seljandanum ber að greiða kostnað og farmgjald til að koma vörunni í þá ákvörðunarhöfn sem er tilgreind. Afhending á sér stað og áhætta, t.d. af vörutjóni, yfirfærir hinsvegar á kaupanda strax og varan er lestuð yfir borð. Skilmálinn á einungis við um flutninga á sjó og flugi

CIF - Cost, Insurance and Freight (named port of destination) (kaupverð, trygging og flutningsgjald greitt til tilgreindrar losunarhafnar). Nákvæmlega það sama og CFR nema að seljandinn þarf einnig að semja um og greiða tryggingar á vörunni. Seljanda ber einungis að greiða lágmarkstryggingar nema annað sé tilgreint í samningum. Skilmálinn á einungis við um flutninga á sjó.

CPT - Carriage paid to (named place of destination) (flutningur greiddur til tilgreindrar losunarhafnar). Seljandi afhendir vöruna til farmflytjanda sem hann velur og seljandi þarf að auki að greiða flutningskostnað til tilgreinds ákvörðunarstaðar. Áhætta og allur annar kostnaður eftir slíka afhendingu fellur á kaupanda. Þessa skilmála má nota fyrir alla flutninga,

CIP - Carriage and insurance paid to (named place of destination) (flutningur og tryggingar greitt til tilgreinds ákvörðunarstaðar). Seljandi afhendir vöruna til farmflytjanda sem hann velur og seljandi þarf að auki að greiða flutningskostnað til tilgreinds ákvörðunarstaðar. Áhætta og allur annar kostnaður eftir slíka afhendingu fellur á kaupanda. Þegar notaðir eru CIP skilmálar verður sendandi þó einnig að kaupa tryggingar fyrir áhættu kaupanda á því að varan tapist eða skemmist í flutningi. Þessa skilmála má nota fyrir alla flutninga, þ.m.t. fjölþátta- og gámaflutninga.

DDU - Delivered Duty Unpaid (named place of destination) (afhent, aðflutningsgjöld ógreidd á tilgreindum ákvörðunarstað). Seljandi ber kostnað og áhættu að þeim stað sem tilgreindur er á ákvörðunarstað, varan ólosuð af flutningstæki. Kaupandi þarf hinsvegar að afla innflutningsheimilda og greiða aðflutningsgjöld. Áriðandi er að skýrt sé tekið fram í samningi, nákvæmlega hvar afhending á að fara fram á ákvörðunarstað, þar sem ella getur seljandi valið þann stað sem honum best hentar innan þess svæðis.

DAP - Delivered At Place (named destination place) (afhent, aðflutningsgjöld greidd á tilgreindum ákvörðunarstað). Seljandi ber kostnað og áhættu að þeim stað sem tilgreindur er á ákvörðunarstað, varan tollafgreidd en ólosuð af flutningstæki. Þessir skilmálar fela í sér mestar skyldur fyrir seljanda. Áriðandi er að skýrt sé tekið fram í samningi, nákvæmlega hvar afhending á að fara fram á ákvörðunarstað, þar sem ella getur seljandi valið þann stað sem honum best hentar innan þess svæðis. Ef aðilar vilja undanskilja einhver þau gjöld sem greiða ber við innflutning vöru, t.d. virðisaukaskatt, þarf að geta þess með skýrum hætti í kaupsamningi.

Birt til fróðleiks og án ábyrgðar. [Sjá nánar Incoterms.](#)